

Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur

Þetta upplýsingaskjal færir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarvöru okkar. Það er ekki markaðsefni. Þessara upplýsinga er krafist lögum samkvæmt til þess að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og hugsanlegan ávinning eða tap af vörunni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar vörur.

Vara

VPV Future Pension (iðgjaldaskrá FP2)

með fjárfestingarkosti: JPM Global Dividend A (acc) EUR (ISIN: LU0329202252)

VPV Lebensversicherungs-AG

VEREINIGTE POSTVERSICHERUNG VVaG www.vpv.de/kontakt

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlega hringið í +49 71113 91 60 00

Fjármálaeftirlit sambandslýðveldisins :Þýskalands (BaFin) er ábyrgt fyrir eftirliti með VPV Lebensversicherungs-AG í tengslum við þetta lykilupplýsingaskjal

VPV Lebensversicherungs-AG hefur starfsleyfi í Þýskalandi og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits sambandslýðveldisins Þýskalands (BaFin)

Útgáfudagur lykilupplýsingaskjals: 01.01.2026

Þú ert að fara að kaupa vöru sem er ekki einföld og gæti verið erfið að skilja.

Hvaða tegund vöru er þetta?

Tegund

VPV Future Pension er váttryggingatengd fjárfestingarafurð sem tengist einingum samkvæmt þýskum lögum. Íslensku lögin nr.

129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gilda einnig um vöruna og ef ósamræmi er, hefur forgang fram yfir samningsákvæði.

Gildistími

Samningstími þessarar vöru samsvarar söfnunartíma lífeyris. Þessi vara getur verið gerð fyrir mismunandi söfnunartímabil. Útreikningarnir í dæmaskyni voru gerðir miðað við 12 ára söfnunartímabil. Óhagstæð afkoma sjóðanna getur leitt til þess að samningsinnistæðan nægi ekki lengur til að standa straum af kostnaði þess mánaðar áður en lífeyrir hefst (tæming). Í þessu tilviki rennur samningurinn út. Við munum láta þig vita tímanlega (sjá gr. 7 almennra skilmála um framtíðarlífeyri).

Markmið

Á meðan frestun stendur yfir verður fjárfestingin gerð í gegnum JPM Global Dividend A (acc) EUR sjóðinn. Sjóðurinn er virkur í rekstri og fjárfestir um allan heim í hlutabréfum fyrirtækja frá öllum heimshornum, þar á meðal vaxandi mörkuðum, sem bjóða upp á mikinn langtíma arð og/eða möguleika á sjálfbærum arðvexti. Sjóðurinn getur innihaldið einbeitt eignasafn með áherslu á tiltekna geira eða lönd. Stór hluti hlutabréfa sjóðsins eru fyrirtæki sem sýna jákvæða umhverfis- og/eða félagslega eiginleika eða sem beita góðum stjórnarháttum fyrirtækja.

Ávöxtun tryggingafjárfestingarafurðar þinnar fer eftir umfangi umframpáttöku og afkomu sjóðanna.

Markhópur fjárfesta

Varan er viðeigandi fyrir viðskiptavinum búsetta á Íslandi, sem óska þess að byggja upp eftirlaunasjóð yfir lengri tíma þar sem vinnuveitandi greiðir hluta þess samkvæmt íslenskum lögum og vilja fá ævilífeyri eða eingreiðslu þegar hann kemst á eftirlaunaaldur og sem leggur áherslu á sjálfbærnisjónarmið í tryggingasparnaði, þar sem það er mögulegt. Viðskiptavinurinn samþykkir verulegar sveiflur á samningstímanum sem kunna að hljóta af notkun fjármuna. Því hærri sem áhættuflokkur undirliggjandi fjárfestingarkosts er, því meiri er þessi áhætta. Frekari upplýsingar um sveiflur í Fonds JPM Global Dividend A (acc) EUR sjóðnum er að finna á www.vpv.de/fondsliste. Viðskiptavinurinn afsalar sér vísitandi öllum ábyrgðum á samningstímanum og við upphaf lífeyrisréttinda. Hætta er á tapi af greiddum fjárfestingarfjárhæðum. Þekking og reynsla af fjármálamörkuðum, einkum hlutabréfasjóðum og skuldabréfasjóðum, er nauðsynleg til að velja sjóði. Reynsla af váttryggingatengdum fjárfestingarvörum og/eða þökk uðum fjárfestingarvörum er ekki nauðsynleg til að skilja ávinninginn.

Tryggingar og kostnaður

Tryggingarbæturnar eru tryggðar ævilangar lífeyrir, reiknaðar út frá útreikningsgrundvelli sem gildir við upphaf lífeyris og tiltæku fjármagni á þeim tíma. Við útreikning á lífeyri er að minnsta kosti notaður sá tryggði lífeyrisstuðull sem samið var um við gerð samningsins. Lífeyririnn má auka með ótryggðum bótum af umframpáttöku eftir upphaf lífeyris. Í stað lífeyris er einnig hægt að velja útborgun tiltæks fjármagns við upphaf lífeyris. Ef að hinn váttryggði deyr þá eru dánarbætur greiddar (sjá gr. 1 í tryggingarskilmála fyrir Future Pension). Fjárhæð þessara réttinda er sýnd í kaflanum „Hvaða áhætta er fyrir hendi og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?“.

Fyrir útreikninga í þessu lykilupplýsingaskjali göngum við út frá í dæmaskyni að 55 ára gamall einstaklingur taki tryggingu sína 1 janúar 2026 og greiði ársiðgjald upp á EUR 1.000 í 12 ár. Þessi útreikningur gerir fyrir að árlegt áhættuiðgjald fyrir váttryggingarvernd sé EUR 0,00. Þá er árlegt áhættuiðgjald 0,00% af greiddu ársiðgjaldi. EUR 1.000,00 fara þá til fjárfestinga ár hvert. Áhrif áhættuiðgjalds á ávöxtun fjárfestingartímabilsins sem mælt er með er þá að meðaltali 0,00% árlega. Þar er tekið tillit til áhrifa iðgjaldapáttarins sem samsvarar áætluðu virði lífeyrisgreiðslunnar.

Hvað er áhættan og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?

Áhættuvísir

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Minni áhætta

Meiri áhætta



Áhættuvísirinn gengur út frá þeirri forsendu að samningstíminn sé 12 ár. Ef að þú leysir inn fjárfestinguna snemma, getur raunáhætta breyst verulega og þú fengið minna.

Áhættuvísirinn hjálpar þér að meta áhættu þessarar vöru í samanburði við aðrar sambærilegar vörur. Hann sýnir hversu líklegt er að þú tapir peningum á þessari vöru þegar verðbréfamarkaðir sveiflast í ákveðna átt eða að við séum ófærir um að greiða þér. Þessi vara er flokkuð með 4 áhættustig á kvarðanum 1 til 7 þar sem áhættustig 4 vísar á meðal áhættu. Áhættan á hugsanlegu tapi í framtíðinni er því flokkuð sem meðal. Þótt geri óhagstæðar markaðsaðstæður er afar ólíklegt að það hafi áhrif á greiðslugetu okkar. **Þér berast greiðslur í öðrum gjaldmiðli, þannig að endanleg ávöxtun yðar mun ráðast af gengi milli gjaldmiðlanna tveggja. Þessi áhætta er ekki tekin með í reikninginn í ofangreindum vísitölugild.** Þessi vara veitir ekki vernd gegn framtíðarþróun á markaði, þannig að þú gætir tapað öllu eða hluta af fjárfestingarfé þínu.

Afkomusviðsmyndir

Það sem þú færð út úr þessari vöru byggir á þróun verðbréfamarkaða. Þróun verðbréfamarkaða í framtíð er óviss og útilokað er að spá fyrir um hana með nákvæmni. Kynntar afkomusviðsmyndir eru byggðar á fyrri afkomu og tiltekinnna áætlana um framtíðina. Verðbréfamarkaðir geta þróast allt öðruvísi í framtíðinni. Lágmarkssviðsmyndir sýna hvað þú gætir fengið til baka í tilfelli öfgakennds fjármálamarkaðar.

Meðmæltur samningstími:	fram til enda söfnunartímabils, í þessu tilfelli 12 ár		
Dæmi um fjárfestingu :	1.000 EUR á ári		
Áhættuiðgjald:	0,00 EUR á ári (innifalið í útreikning)		
	Ef þú innleysir: eftir 1 ár	Ef þú innleysir: eftir 6 ár	Ef þú innleysir: eftir 12 ár

Sviðsmyndir miðað við að hinn váttryggði lifi til tímamarks

Lágmark	Það er engin lágmarksávöxtun tryggð. Þú gætir tapað allri eða hluta af fjárfestingu þinni.			
Óhagstætt	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	470 EUR	2.060 EUR	2.660 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-53,2 %	-29,9 %	-26,8 %
Svartsýn sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	720 EUR	4.310 EUR	7.910EUR
	Meðalávöxtun á ári	-27,7 %	-9,4 %	-6,6 %
Hófleg sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	790 EUR	5.570 EUR	12.410EUR
	Meðalávöxtun á ári	-21,3 %	-2,1 %	0,5 %
Hagstæð sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	850 EUR	7.180 EUR	20.120 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-14,8 %	5,2 %	7,7 %
Fjárhæð sem fjárfest er á samningstíma		1.000 EUR	6.000 EUR	12.000 EUR
Sviðsmynd í tilfelli andláts				
Andlát	Það sem rétthafar gætu fengið eftir frádrátt kostnaðar	890 EUR	5. 670 EUR	12.410EUR
Áhættuiðgjald á samningstíma		0,00 EUR	0,00 EUR	0,00 EUR

Fjárhæðirnar að ofan taka tillit til alls kostnaðar af vörunni sjálfri og kostnaði ráðgjafa þíns eða váttryggingamiðlara. Þær taka ekki tillit til skattgreiðslna þinna, sem geta haft áhrif á lokafjárhæðina sem þú færð.

Hvað gerist ef VPV Lebensversicherungs-AG getur ekki greitt lífeyrisgreiðslur ?

Það er lögbundin ábyrgðarsjóður (Kaffli 221, og áfram, í þýskum lögum um váttryggingareftirlit) sem heitir Protektor Lebensversicherungs-AG. VPV Lebensversicherungs-AG er þáttakandi í ábyrgðarsjóðnum. Hann verndar tryggingakröfur frá tryggingartökum, hina váttryggðu, rétthafa og aðra sem réttindi telja til tryggingarsamnings. Fjármálaeftirlitið getur lækkað samningsbundnar tryggðar lífeyrisgreiðslur um hámark 5%.

Hver er kostnaðurinn ?

Kostnaður yfir tíma

Neðangreindar töflur sýna fjárhæðir sem teknar eru frá fjárfestingu þinni til þess að greiða ýmislegan kostnað. Þessar fjárhæðir fara eftir fjárhæð fjárfestingar, hve lengi varan er í gildi og hvaða fjárfestingarárangri hún nær. Fjárhæðirnar sem eru sýndar sýna fjárfestingu í dæmaskyni og mismunandi fjárfestingartíma.

Við höfum gefið okkur eftirfarandi forsendur:

- Fyrsta árið færðu fjárhæðina sem fjárfest var til baka (0% árleg ávöxtun). Fyrir önnur samningstímabil höfum við gengið út frá að varan þróist eins og ráð er fyrir gert í hóflegu sviðsmyndinni hér að ofan
- EUR 1.000 eru fjárfestar á ári

	Ef þú innleysir: eftir 1 ár	Ef þú innleysir: eftir 6 ár	Ef þú innleysir: eftir 12 ár
Heildarkostnaður	249 EUR	1.201 EUR	2.613 EUR
Árleg hlutfallstala kostnaðar (*)	27,8 %	6,2% á ári	3,5% á ári

(*) Þessar tölur lýsa því hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína yfir samningstímann. Til dæmis, ef þú innleysir eftir í lok meðmæltis samningstíma væri árleg meðalávöxtun þín 4,0 % fyrir kostnað og 0,5 % eftir kostnað.

Við getum deilt kostnaðinum með okkur og þeim aðila sem hafa milligöngu um samningsgerðina til að greiða þá þjónustu sem þér er veitt.

Samsetning kostnaðar

Einskiptiskostnaður við samningsgerð eða innlausn		Árlegur kostnaður ef innleyst er eftir 12 ár
Samningsgerð	2,50 % af heildarfjárfestingu. Þessi kostnaður er innifalinn í fjárfestingu þinni.	0,4 %
Innlausn	Innlausnarkostnaður „Á ekki við“ er tiltekin í næsta dálk þar sem hann er ekki felldur á ef þú heldur í vöruna út meðmæltan samningstíma.	Á ekki við
Viðvarandi kostnaður á ári		
Umsýslugjöld og annar stjórnunar- og rekstrarkostnaður	1,52% af verðmæti fjárfestingarinnar á ári, 6,00% af innborguninni og 12 EUR á ári. Þetta er áætlun byggð á raunkostnaði síðasta árs.	2,7 %
Færslugjöld	0,43% af verðmæti samningsinneygna þinna á ári. Þetta er áætlun á þeim kostnaði sem til fellur þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar í vörunni. Raunfjárhæð fer eftir því hve mikið við kaupum og seljum.	0,4 %

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið peninga út snemma?

Meðmæltur samningstími: þar til í enda söfnunartímabils, í þessu tilfelli 12 ár

Þú getur hætt við samningsgerð þína innan 30 daga frá henni (sjá líka upplýsingar í gr. 1 og 2 VVG-InfoV). Þú sérð frekari upplýsingar hvernig skal afturkalla í leiðbeiningum um afturköllum sem þú færð með tryggingarskírteini þínu. Lífeyrstryggingar sem veita lífeyri í formi ævilangs jafns lífeyris eru miðaðar við upphaf lífeyrisgreiðslna í tilfelli fjárfestingartímans. Þessi vara getur verið gerð fyrir mismunandi söfnunartímabil. Útreikningarnir í dæmaskyni voru gerðir miðað við 12 ára söfnunartímabil. Þú getur sagt upp tryggingu þinni hvenær sem er áður en lífeyrisgreiðslur hefjast, í enda hvers tryggingartímabils. Þú munt þá eignast endurkaupsverðið eftir að dregin hefur verið frá þér uppsagnarkostnaður á þeim tíma. Þú getur fundið meiri upplýsingar um þetta í gr. 15 í tryggingarskilmála Future Pension. Ef samningnum er sagt upp fyrir samþykktan starfslokadag gæti áhættuvísirinn verið hærri. Að auki getur aukinn kostnaður fallið til. Þeir eru tilteknir í kaflanum “Hver er kostnaðurinn?”.

Hvernig get ég kvartað?

Ef þú vilt kvarta yfir vörunni, vátryggingamiðaranum eða vátryggingafélaginu, getur þú hringt í kvörtunarsíma +49 711/13 91 60 00. Þú getur líka lagt inn kvörtun á veffanginu www.vpv.de/is/priips, með pósti (VPV Lebensversicherungs-AG, Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Germany) eða með tölvupósti (info@vpv.de).

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Þú munt finna aðrar viðeigandi upplýsingar í persónulegu tilboði sem við værum glaðir að gera fyrir þig. Fyrir og eftir samningsgerð færð þú mikilvægar upplýsingar í eftirfarandi skjölum sem þú hefur lagalegan rétt til: Tryggingarskírteini, upplýsingar skv. VVG-InfoV, almennar neytandaupplýsingar, tryggingarskilmálar, skattaupplýsingar. Þú getur líka fengið frekari upplýsingar á veffanginu www.vpv.de/is/priips.